

Mál nr. 343/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B)

Skaðabótaábyrgð. Sakarskipting.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. september 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 31. október 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í fyrirliggjandi skýrslu frá Aðstoð & öryggi kemur fram að 19. ágúst 2025 varð árekstur milli bifreiðanna A, sem M á, og B. Báðar bifreiðarnar eru tryggðar hjá V. Er atvikum þannig lýst að A var ekið frá Skeljabrekku að biðskyldu við Dalbrekku. B var hins vegar ekið á vinstri akrein frá Hafnarfjarðarvegi að hringtorginu við Nýbýlaveg. Haft er eftir ökumanni A að þegar hún hafi ekið að biðskyldunni hafi hún tekið eftir því að B var ekið á vinstri akrein. Þá hafi ökumaður B ekki gefið stefnuljós til merkis um að hún hygðist skipta yfir á hægri akrein. Hafi hún því keyrt inn á hægri akrein þátt fyrir biðskyldu. Á sama augnabliki hafi ökumaður B hins vegar skipt frá vinstri yfir á hægri akrein með þeim afleiðingum að árekstur hafi orðið milli A og B. Er í skýrslunni vísað til þess að það sjáist á yfirlitsmyndum að B hafi verið á milli akreina þegar áreksturinn varð. Þá er í skýrslunni einnig haft eftir ökumanni B að hún hafi vitað af biðskyldunni sem gildi gagnvart A. Þegar hún hafi skipt af vinstri akrein yfir á þá hægri hafi A verið ekið inn á hægri akreinina með þeim afleiðingum að árekstur varð.

Ágreiningur um sakarskiptingu var lagður fyrir tjónanefnd vátryggingafélaganna og í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 359/25 var öll sök lögð á ökumann A með þeim rökum að henni hafi borið að veita allri umferð frá Hafnarfjarðarvegi forgang á grundvelli biðskyldu.

Í málskoti færir M rök fyrir þeirri skoðun sinni að niðurstaða tjónanefndar sé ekki rétt. Virðist M telja að leggja beri alla sök á ökumann B. Tekur M m.a. fram að allar myndir í málinu sýni að A hafi verið komin inn á hægri akrein þegar áreksturinn varð. Þá telur hún að ökumanni A hafi verið heimilt að aka inn á hægri akreinina, þrátt fyrir biðskyldu, þar sem B hafi á því augnabliki verið á vinstri akrein og ökumaður A hafi ekki haft neina ástæðu til að ætla að B myndi skipta um akrein. Þá telur M liggja fyrir að ökumaður B hafi ekki gefið merki um að ætlunin væri að skipta um akrein.

Í bréfi V, dags. 31. október 2025, er vísað í niðurstöðu tjónanefndar og tekið fram að félagið geri ekki sérstakar athugasemdir.

Álit.

Málið lýtur að því hvort og hvernig skuli skipta sök á árekstri milli bifreiðanna A og B sem átti sér stað 19. ágúst 2025. Ökumenn gerðu ekki sameiginlega skýrslu á vettvangi, en í skýrslu Aðstoðar & öryggis, er m.a. að finna framburð beggja ökumanna. Þá liggja fyrir ljósmyndir af vettvangi, þar með talið af afstöðu ökutækja. Ljóst er af akstursstefnu bifreiðanna að ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um Hafnarfjarðarveg að hringtorginu við Nýbýlaveg forgang vegna biðskyldu, sbr. 2. mgr. 26. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Þá sýna yfirlitsmyndir af vettvangi að B var á milli akreina þegar áreksturinn varð. Nefndin telur að eins og aðstæður voru í umrætt sinn hafi sú ákvörðun ökumanns A að aka inn á hægri akreinina, þrátt fyrir biðskylduna, með þeim rökum að B hafi á þeim tíma verið ekið á vinstri akrein, falið í sér brot á framangreindri 2. mgr. 26. gr. umferðalaga, þ.e. brot á skyldunni til að veita B forgang. Með hliðsjón af því og atvikum öllum ber ökumaður A alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á umræddum árekstri.

Reykjavík, 18. nóvember 2025.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir